



## Fundargerð

Tilv. 1601006/1.7

Fundur: Grisjunarráð 4/2016.  
Dagsetning og tími: 13. apríl 2016, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður  
Mættir: Allir mættir  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

### Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 9. mars 2016.
2. Grisjunarbeiðni Menntamálastofnunar dags. 2. mars 2016 – prófúrlausnir Pisa prófa.
3. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – bindandi álit.
4. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – fylgiskjöl bókhalds.
5. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – greiðsluáætlanir.
6. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – sértækir listar, AX listar.
7. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – skilagreinar sundurliðana.
8. Grisjunarbeiðni Hljóðbókasafns Íslands dags. 3. mars 2016 – vottorð frá lánþegum.
9. Grisjunarbeiðni Hljóðbókasafns Íslands dags. 4. mars 2016 – afritunarspólur.
10. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – afrit af útsendum reikningum.
11. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – gögn vegna launavinnslu.
12. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – skýrslur um dagpeningagreiðslur.
13. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – fjarvistarlistar starfsmanna.
14. Grisjunarbeiðni Leikskólans Stekkjaráss dags. 30. mars 2016 – dagbækur starfsmanna.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

### **1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 9. mars 2016.**

Fundargerð grisjunarráðs dags. 9. mars 2016 samþykkt og undirrituð.

### **2. Grisjunarbeiðni Menntamálastofnunar dags. 2. mars 2016 – prófúrlausnir Pisa prófa (málsnr. 1603008).**

Beiðnin var samþykkt. Menntamálastofnun er heimilt að eyða umbeðnum prófúrlausnum tveimur árum eftir próftökudag með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn prófúrlausnir frá öllum árum sem próf eru tekin fyrir nemendur með skírnamafn sem byrjar á bókstafnum K. Með þessari heimild



fellur fyrri grisjunarheimild Menntamálastofnunar um grisjun á prófúrlausnum Pisa prófa sem samþykkt var á fundi grisjunarráðs 10. febrúar 2016 úr gildi.

**3. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – bindandi álit (málsnr. 1603009).**

Beiðnin var samþykkt. Tollstjóra er heimilt að eyða umbeðnum bindandi álitum sex árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

**4. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1603011).**

Beiðnin var samþykkt. Tollstjóra er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

**5. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – greiðsluáætlanir (málsnr. 1603012).**

Beiðnin var samþykkt. Tollstjóra er heimilt að eyða umbeðnum greiðsluáætlunum tíu árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0.

**6. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – sértækir listar, AX listar (málsnr. 1603013).**

Beiðnin var samþykkt. Tollstjóra er heimilt að eyða umbeðnum sértækum listum, AX listum, tíu árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

**7. Grisjunarbeiðni Tollstjóra dags. 2. mars 2016 – skilgreinar sundurliðana (málsnr. 1603014).**

Beiðnin var samþykkt. Tollstjóra er heimilt að eyða umbeðnum skilgreinum sundurliðana tíu árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

**8. Grisjunarbeiðni Hljóðbókasafns Íslands dags. 3. mars 2016 – vottorð frá lánþegum (málsnr. 1603016).**

Ákveðið að fresta afgreiðslu og óska eftir nánari upplýsingum um hvort þörf sé á að hafa upplýsingar lengur tiltækar vegna óska um rökstuðnings, s.s. vegna höfnunar á þjónustu.



**9. Grisjunarbeiðni Hljóðbókasafns Íslands dags. 4. mars 2016 – afritunarspólur (málsnr. 1603020).**

Beiðnin var samþykkt. Hljóðbókasafni Íslands er heimilt að eyða umbeðnum afritunarspólum þegar hagnýtu gildi er lokið.

**10. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – afrit af útsendum reikningum (málsnr. 1603048).**

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

**11. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – gögn vegna launavinnslu (málsnr. 1603045).**

Ákveðið að fresta afgreiðslu og óska eftir að fá sundurliðun á hvaða skjöl teljast til launavinnslu.

**12. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – skýrslur um dagpeningagreiðslur (málsnr. 1603049).**

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum skýrslum um dagpeningagreiðslur sjö árum eftir að reikningsári lýkur.

**13. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – fjarvistarlistar starfsmanna (málsnr. 1603050).**

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum fjarvistarlistum starfsmanna sjö árum eftir að reikningsári lýkur.

**14. Grisjunarbeiðni Leikskólans Stekkjaráss dags. 30. mars 2016 – dagbækur starfsmanna (málsnr. 1603043).**

Beiðnin var samþykkt. Leikskólanum Stekkjarási er heimilt að eyða umbeðnum dagbókum starfsmanna tveimur árum eftir myndun skjalanna.

Fundi slitið kl. 13:15.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)